

Fundargerð 142. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 19. mars 2020 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Þorsteinn Hjálmarsson og Andrés Bjarnason.

Fjarfundur: Sigurður Gunnar Benediktsson, Guðni Þór Elisson, Agnar Ólason og Símon Guðvarður Jónsson

Fjarverandi: Svanur Gunnsteinsson

Dagskrá :

1. Undirritun ársreikninga.
2. Akkur.
3. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 141.
4. Staða kjaramála.
5. Aðalfundur. - Kjör í nefndir og stjórnir sjóða / Kjör kjörstjórnar.
6. Laga og reglugerðarbreytingar sjúkrasjóðs.
7. Orlofsmál.
8. Önnur mál.

1. Undirritun ársreiknings VM – Ásbjörn Björnsson

Formaður bauð menn velkomna og kynnti Ásbjörn Björnsson, endurskoðanda hjá Ernst & Young, sem mun fara yfir ársreikning félagsins. Ásbjörn fór yfir helstu atriði reikningsins. Tekjur 2019 voru rúmlega 671 milljón á móti rúmum 577 milljónum árið 2018, mikill vöxtur á milli ára, skýrist að stórum hluta vegna hagnaðar af sölu varanlegra rekstrarfjármuna sem námu um 61 milljón en að öðru leiti er um að ræða 5% hækkun á félagsgjöldum og iðgjöldum. Rekstrarkostnaður hækkar úr 606 milljónum í 658 milljónir og er það að stæstum hluta vegna þess að bætur og styrkir úr sjúkrasjóði og fræðslusjóði hækka. Lækkun var á launum og launatengdum gjöldum þar sem félagið var með tvo formenn á launum hluta ársins 2018.

Góð ávöxtun var á sjóðum félagsins eða rúmar 92 milljónir á móti 7 milljónum árið 2018.

Heildareignir félagsins nema rúmum 2.458 milljónum. Skuldir félagsins eru litlar eða um 142 milljónir og er mest af því vegna fjármagnstekjuskatts. Hann benti líka á styrktarsjóð Vélstjórafélags Ísafjarðar sem er nýr inn í ársreikningnum, en VM tók að sér að halda utan um þennan sjóð á árinu þar sem búið er að leggja niður Vélstjórafélag Ísafjarðar og Landsbankinn þurfti eiganda reiknings með virka kennitölu.

Einnig var rætt um að mjög líklega yrði erfitt að ávaxta fé á þessu ári vegna ástandsins sem skapast hefur vegna Kórónuveirunnar.

Stjórnarmenn fengu síðan að spyrja um einstök atriði og að lokum var reikningurinn undirritaður og samþykktur.

2. Akkur

Formaður sagði frá því að góð ávöxtun hefði verið á sjóði Akks en ákveðið hefði verið að fresta úthlutun þangað til í haust.

3. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 141

Fundargerðin samþykkt og undirrituð af þeim sem voru á staðnum, aðrir undirrita síðar.

4. Staða kjaramála

Formaður sagði frá því að á síðasta stjórnarfundum hefðu átta samningar verið eftir og síðan þá er búið að undirrita og samþykkja samning við Faxaflóahafnir.

Fundir hafa verið með Landhelgisgæslunni. Hafró er í viðræðum en gengur hægt. Hjá Selfossveitum er mikið flækjustig í gangi og eiginlegar viðræður ekki hafnar

Hjá Orkubúi Vestfjarða eru stjórnendur núna að funda um tillögur og að lokum þá var skrifað undir kjarasamning við Ísal í gær og gildir samningurinn til 1. mars 2021. Ísal fékk bókun inn í samninginn um að ef þeir ná ekki samningi við Landsvirkjun fyrir 30. júní þá dettur seinni hluti samningsins niður.

Mikið er að gera hjá kjaradeildinni í sambandi við vinnutímastyttinguna, aðstoða fyrirtæki við að aðlaga sig.

Búið er að fresta öllum fundum hjá Lífeyrissjóðunum en við eigum 10 fulltrúa í Birtu og 3 í Gildi.

5. Aðalfundur. - Kjör í nefndir og stjórnir sjóða / Kjör kjörstjórnar

Aðalfundur VM er á dagskrá 27. mars nk. Formaður bar upp tillögu um frestun aðalfundar um óákveðinn tíma og var það samþykkt. Í lögum félagsins kemur fram að aðalfundur þurfi að fara fram fyrir 30 apríl ár hvert. Formaður kannar hvað er hægt að gera ef samkomubanni verður ekki aflétt fyrir þann tíma.

Kjör í stjórn sjúkrasjóðs. Formaður sagði að þar væri ekki alveg komið á hreint hvort sitjandi stjórnarmenn gefi kost á sér áfram.

Einnig þarf að kjósa um menn í kjörstjórn. Núna eru Halldór og Benóný í kjörstjórn og Vignir og Garðar varamenn. Samþykkt var að óska eftir því að þeir fái að halda áfram.

Stjórnarkjörið stendur til 24. mars og núna hafa 346 kosið eða 9,46%. Kjörtímabili núverandi stjórnar rennur út á aðalfundi eða í síðasta lagi 30 apríl, nú hefur aðalfundi verið frestað um óákveðinn tíma þannig að samþykkt var að leggja til við kjörstjórn að niðurstaða kosningar verði innsigluð þar til aðalfundur verður haldinn. Þetta þarf hins vegar að endurskoða frestist fundur lengur en til 30. apríl.

Formaður kynnti breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs. Laganefnd á eftir að fara betur yfir þetta og fengu frest út af frestun aðalfundar.

6. Orlofsmál

Formaður sagði að ljóst væri að ekki tækist að gera 5 ára áætlun orlofssjóðs fyrir aðalfund.

Fagmaður er nú að taka út húsin á Laugarvatni til að áætla hvað þarf að gera þar. Spurt var hvort

búið væri að laga sturtuna í húsinu á Laugarvatni og sagði formaður það ekki vera. Samþykkt að fara strax í það.

7. Önnur mál

- Formaður sagði frá því að búið væri að skipta starfsfólki skrifstofunnar í 2 hópa og skiptast hóparnir á að mæta á skrifstofu og vinna heima. Þetta er gert til að reyna að tryggja að starfsemi félagsins gangi, en eðlilega kallar þetta á skerta starfsemi.
- Formaður sagði frá því að verið væri að vinna að styttingu vinnuvikunnar á skrifstofunni, hægt væri að vinna 9 daga og taka svo 10. daginn í frí eða vera í fríi alla föstudaga eftir hádegi. Vinnutímastytting mun hins vegar ekki taka gildi fyrr en ástandið vegna Kórónuveirunnar lagast.

Formaður reiknar með að þetta verði ekki síðasti fundur þessarar stjórnar, hann muni boða annan þegar ástandið í þjóðfélaginu fer að skýrast.

Fundi slitið: 14:05